

DRÖG AÐ FRAMTÍÐARSTEFNU ODDAFÉLAGSINS UM UPPBYGGINGU MENNINGAR- OG FRÆÐASETURS AÐ ODDA: SÆMUNDARSTOFU

Frá stofnun Oddafélagsins hefur það ávallt verið á stefnuskrá félagsins að standa fyrir og leiða uppbyggingu menningar- og fræðaseturs að Odda í nafni Sæmundar Sigfússonar.

Nú, þegar fornleifarannsókn er hafin að nýju í Odda, eftir nokkra töl, og stuðningur við hana er til staðar frá RÍM, fimm ára rannsóknarverkefni á vegum ríkisstjórnarinnar á ritmenningu íslenskra miðalda, teljum við tímabært að leggja niður meginlínur við uppbyggingu menningar- og fræðaseturs í Odda, Sæmundarstofu.

Á þessum tímamótum vill Oddafélagið um leið biðja alla Rangæinga að íhuga hvort þeir vilji efla Odda enn frekar með því að gera hann að miðstöð menningar, lista og mannlífs innan héraðs og endurreisa þetta fornfræga höfuðból með sæmd, öllum til hagsbóta.

1. SÆMUNDUR OG ARFUR ODDAVERJA

Foreldrar Sæmundar voru Sigfús Loðmundarson og Þórey Eyjólfsdóttir, Guðmundssonar ríka. Sæmundur hefur lært fyrst af foreldrum sínum og síðar mögulega hjá Ísleifi biskupi, uns hann fer utan til náms í Frakklandi.

Þegar Sæmundur kemur aftur heim, í samfylgd Jóns Ögmundarsonar frá Breiðabólstað, reisir hann nýja kirkju í Odda og helgar hana heilögum Nikulási, en Loðmundur afi hans hefur trúlega reist fyrstu kirkju í Odda. Sæmundur er vígður til prests af Ísleifi biskupi og gengur að eiga Guðrúnu Kolbeinsdóttur, Flosasonar, Valla-Brandssonar. Með Guðrúnu gæti Sæmundur hafa fengið Vallverjagoðorð og er þá handhafi tveggja goðorða í Rangárþingi.

Sæmundur er mjög virtur af samtímamönnum fyrir lærdóm sinn og þegar Gissur Ísleifsson tekur við biskupsembætti af föður sínum verða þeir Sæmundur nánir samstarfsmenn. Sæmundur hefur verið vel menntaður í kirkjulögum og undirbýr setningu Tíundarlaga, sem fól í sér bæði manntal og jarðamat og síðan skráningu Landnámabókar. Sæmundur les yfir eldri gerð Íslendingabókar Ara fróða Þorgilssonar, ásamt Katli Þorsteinssyni Hólabiskupi og Þorláki Runólfssyni Skálholtsbiskupi og leiðir setningu Kristinsréttar hins forna ásamt biskupunum báðum. Líklegt er að Sæmundur hafi komið því til leiðar að farið var að rita máldaga kirkna hér á landi.

Sæmundur hélt skóla í Odda fyrir höfðingjasyni, sem síðar voru vígðir til prests og urðu fróðir í lögum, mannfræði og skáldskap. Vitað er með vissu að Sæmundur skrifaði

Noregskonungaævi og langfeðgatal Skjöldunga og hefur líklega samið eða þýtt sögu heilags Nikulásar og komið að gerð handbóka fyrir presta. Sæmundur hefur ritað um landnám því til hans er vitnað í Landnámu, auk þess gæti hann hafa ritað Veraldarsögu þar sem m.a. hefur verið sagt frá för Óðins til Norðurlanda.

Sæmundur og Guðrún eignuðust fjögur börn: Loðmund, Loft, Þóreyju og Eyjólf, en Eyjólfur tók við goðorðum föður síns og hélt skóla í Odda, þar sem hann fóstraði og kenndi m.a. Þorláki Þórhallssyni, sem síðar varð Skálholtsbiskup og loks dýrlingur. Fáum sögum fer af Þóreyju eða Loðmundi, en Loftur fór til Noregs og giftist þar Þóru Magnúsdóttur, berfætts, Noregskonungs og átti með henni soninn Jón.

Á þeim dögum er Oddi orðin einn auðugasti kirkjustaður landsins og Jón Loftsson verður atkvæðamestur og voldugastur höfðingja. Mikið er leitað til Jóns að sætta stríðandi aðila og í málaferlum Hvamm-Sturlu og Páls Sölvasonar í Reykholti býður Jón að taka yngsta son Sturlu í fóstur til að ljúka sættinni.

Þannig kemur hinn þriggja ára Snorri Sturluson í Odda, sem fóstursonur Jóns Loftssonar. Snorri verður fróður í lögum, mannfræði, skáldskap og þjóðlegum fræðum. Fósturbræður Snorra lyfta honum síðar til virðingar með góðu kvonfangi, Herdísi Bersadóttur auðga á Borg á Mýrum.

Launsonur Jóns og Ragnheiðar Þórhallsdóttur, systur Þorláks biskups, Páll, varð biskup í Skálholti, fyrstur Oddaverja, en steinkista hans var grafin upp í fornleifauppgreftri í Skálholti árið 1954. Hann var mikill höfðingi og menntamaður og talinn líklegur sem höfundur Skjöldungasögu, sem hann hefur byggt að hluta á verki langafa síns. Orkneyingasaga hefur einnig talin rituð í Odda. Noregskonungatal er heiðurskvæði, ort fyrir Jón Loftson, og þar er byggt á riti Sæmundar um Noregskonunga.

Í Odda hefur erlendur lærdómur og innlend þjóðleg fræði runnið saman svo úr varð eitt merkasta menntasetur landsins á miðöldum. Hið göfuga langfeðgatal Skjöldunga, og síðar hið konunglega móðerni Jóns Loftssonar, skapaði Oddaverjum mikla virðingu, enda fóru þeir vel með völd sín, bæði í héraði og á Alþingi.

2. GILDI SÖGULEGRAR ARFLEIFÐAR

Þar sem fornminjar eða forn menningarsetur er að finna er iðulega unnið með þann arf á þann hátt að honum megi koma vel til skila til almennings, opna augu fólks fyrir gildi minjanna eða staðarins og setja þann arf í samhengi við nútíðina.

Í stefnuskrá English Heritage Trust má finna þær forsendur sem stofnunin leggur til grundvallar starfsemi sinni, en þær hljóða svo:

Með því að NJÓTA sögulegrar arfleifðar kemur löngun til að SKILJA hana.

Með því að SKILJA sögulega arfleifð kemur fólk til með að META hana.

Með því að META sögulega arfleifð lætur fólk sig VARÐA UM hana.

Peir sem láta sig VARÐA UM sögulega arfleifð munu sækjast eftir að láta aðra NJÓTA hennar.

Þessar forsendur má auðveldlega heimfæra á það starf sem Oddafélagið hefur staðið fyrir frá upphafi og vill leggja til grundvallar starfsemi menningar- og fræðaseturs í Odda. Söguleg arfleifð héraðsins er afar rík og fjölbreytt. Gildi þess að vinna með og vinna úr þeirri arfleifð er afar mikilvægt, bæði fyrir nútíðina en ekki síður fyrir komandi kynslóðir.

Oddastaður er þungamiðja þessarar arfleifðar, hvort sem litið er til hlutverks Odda sem kennslumiðstöðvar á miðöldum, sem dró að sér erlenda lærdóma jafnt og þjóðleg fræði, eða þegar horft er til Oddaverja sjálfra og skjólstæðinga þeirra sem áhrifamanna í samfélaginu.

3. SÆMUNDARSTOFA Í ODDA

Uppbygging Sæmundarstofu, menningar- og fræðaseturs í Odda, er verðugt verkefni, ekki aðeins fyrir íbúa Rangárþings og Suðurlands, heldur fyrir landið allt. En það er fyrst og fremst ábyrgð íbúa hér að rækta þá gríðarlegu arfleifð sem liggur í sögu Odda, sögu Sæmundar Sigfússonar, niðja hans og þeirra manna sem urðu skjólstæðingar Oddaverja, eins og t.d. Þorláks Þórhallssonar og Snorra Sturlusonar.

Sæmundarstofa þyrfti að vera fjölbreytt menningar- og fræðasetur, annars vegar fyrir íbúa Rangárþings, með aðstöðu fyrir ýmis konar viðburði, t.d. sýningar, tónleikahald, fundi, ráðstefnur, skemmtanir, einkaviðburði og samkomur, fyrirlestra og námskeið.

Hins vegar þyrfti Sæmundarstofa einnig að þjóna sem menningar- og fræðasetur fyrir alla landsmenn og erlenda gesti, með fastri sýningu um Sæmund Sigfússon og sögu Odda og veita gestum og gangandi almenna þjónustu.

Fyrir utan kirkjurnar á Selfossi og í Skálholti er hvergi á Suðurlandi að finna vandað og rúmt húsnæði fyrir tónleikahald eða stærri samkomur, ef íþróttahús eru frá talin. Þörf Rangárþings fyrir menningar- og fræðasetur er vissulega til staðar og af mörgum talin vera orðin knýjandi og löngu tímabær. Við lítum svo á að slík stofnun eigi hvergi betur heima en í Odda vegna sögu staðarins, annars vegar, og hins vegar vegna miðlægrar staðsetningar í héraðinu.

Nú hefur Suðurland eignast sína Sinfóníuhljómsveit, sem mun án efa vaxa og dafna á komandi árum. Tónlistarfólk í Rangárþingi hefur lengi skort verðugan vettvang fyrir tónleikahald, og í því sambandi hafa mörg úr þeirra hópi nefnt að ný kirkja í Odda, sérhönnuð fyrir tónlistarflutning, væri eftirsóknarverður möguleiki fyrir söng- og tónlistarfólk héraðsins, um leið og að vera aðlaðandi tónlistarhús fyrir innlent og erlent tónlistarfólk og rúma vel tónlistarviðburði af svipuðum toga og haldnir eru árlega í Skálholti, Reykholti og að Hólum.

Sæmundarstofa í Odda gæti orðið sá staður, þar sem allar listgreinar myndu njóta sín með sýningum og flutningi, auk þess að vera heimili þeirra merku menningarsögu sem héraðið býr yfir og sem við berum í raun ábyrgð á að kynna, vinna með og halda á lofti fyrir komandi kynslóðir.

Oddafélagið vill skapa umræðu í nærsamfélagi okkar um þetta mikilvæga og verðuga verkefni, í þeim tilgangi að fá fram hugmyndir, skoðanir og tillögur frá íbúum, og stuðla þannig að víðtæku samráði um framkvæmdir, hvenær sem að þeim kemur.

Á meðan fornleifarannsókn stendur yfir í Odda mun Fornleifaskólinn verða haldinn ár hvert fyrir 7. bekk gunnskólanna í Rangárþingi. Þar mun æskufólk héraðsins kynna sögu Odda og vonandi tengjast staðnum þess konar böndum sem munu halda fram á fullorðinsár, jafnframt því að þau kynna aðferðum fornleifafræðinnar við að uppgötva sögu héraðsins og setja hana í samhengi við sögu þjóðarinnar.

Það hlýtur að verða eitt mikilvægasta verkefni Sæmundarstofu að miðla fortíðinni til framtíðarinnar, þ.e. að vekja áhuga barna og ungmenna á sögu héraðsins og samhengi hennar við sögu þjóðarinnar frá upphafi; að byggja brú frá miðöldum yfir til uppvaxandi kynslóða á Íslandi.

4. MENNINGARSAMBAND VIÐ ERLENDA HÁSKÓLA

Í ljósi þess að saga Odda tengist alþjóðlegri menntun á miðöldum er eðlilegt að eitt af markmiðum Sæmundarstofu væri að mynda samband við erlenda háskóla.

Vert er að nefna að Oddafélagið hefur í samvinnu við franska sendiráðið og frú Vigdís Finnbogadóttur, heiðursfélaga og verndara Oddafélagsins, hafið undirbúning á menningartengslum við háskóla í Frakklandi sem tengjast þeim lærdómssetrum þar sem Sæmundur hefur mögulega stundað nám, sem og aðrir Oddaverjar eða skjólstæðingar þeirra á eftir honum, eins og Þorlákur Þórhallsson hinn helgi, Skálholtsbiskup og Páll Jónsson, Skálholtsbiskup, langafabarn Sæmundar.

Sérstaða Sæmundarstofu, sem fræðaseturs, gæti einmitt falist í rannsóknum á kennsluefni miðalda, hinum sjö frjálsum listum, sem urðu grundvöllurinn að náms- og kennslukerfi háskóla allt fram á þennan dag. Þrí- og fjórvegurinn voru þær kennslugreinar sem Oddaverjar og skjólstæðingar þeirra námu í menntasetrum utanlands.

Eðlilegt er að slíkar rannsóknir verði í góðu samstarfi við Háskóla Íslands og þá erlendu háskóla sem tengjast þeim menntasetrum sem líklegt er að Oddaverjar og fóstursynir þeirra hafi stundað nám.

5. MENNINGARSAGA FORTÍÐAR OG FRAMTÍÐAR

Mikilvægt er að við hugsum Sæmundarstofu sem menningar- og fræðasetur sem mun þjóna íbúum Rangárbings og öðrum landsmönnum til allrar framtíðar.

Við höfum lært það, bæði sem einstaklingar og sem þjóð, að það eina sem lifir áfram og hefur eitthvert gildi fyrir framtíðina eru þau menningarverðmæti sem hver kynslóð skapar.

Við Íslendingar búum við þau einstöku skilyrði, umfram flestar aðrar þjóðir, að vita upphaf sögu okkar í landinu. Sæmundur Sigfússon var af fyrstu kynslóð Íslendinga sem fór utan til langskólanáms, flutti heim með sér ný fræði og lærdóma sem lögðu grundvöll að því þjóðskipulagi sem skapaði ódauðleg meistaraverk í bókmenntun næstu tvær aldir eftir daga Sæmundar. Framlag hans og frumkvæði við að undirbúa framkvæmd Tíundarlaga, ritun Kristinréttar hins forna, að sameina alþjóðlegar menntir og þjóðleg fræði við kennslu og að leggja hönd að ritun Landnámabókar og Íslendingabókar verður seint metinn að fullu.

Vilji Oddafélagsins er sá að með Sæmundarstofu verði Sæmundi Sigfússyni reistur sá minnisvarði sem hann á sannarlega skilin; sem verður miðstöð menningar og fræða og áframhaldandi nýsköpunar á grundvelli þess mikla arfs sem hann og samtímamenn hans létu eftir sig; fyrsta kynslóð skrifandi menntamanna í landinu, sem lögðu grunninn að gullöld íslenskra bókmennta.

Sæmundarstofa er langtímaverkefni sem gerir kröfur um vandaðan undirbúning í héraði, auk þess sem fornleifarannsóknin mun á næstu árum draga fram þætti sem hafa áreiðanlega mótandi áhrif á verkefni Sæmundarstofu í framtíðinni.

Þess má einnig geta að það eru aðeins þrettán ár þar til 900 ára ártíðar Sæmundar verður minnst, þann 22. maí 2033. Stjórn Oddafélagsins lítur svo á að ekki sé eftir neinu að bíða að taka fyrstu skóflustunguna að framtíðinni í Odda.

11. september 2020

Stjórn Oddafélagsins:

Ágúst Sigurðsson, Árni Bragason, Bergþóra Þorkeldsdóttir, Elína Hrund Kristjánsdóttir, Elvar Eyvindsson, Friðrik Erlingsson, Helgi Þorláksson.